

### **3. fundur fræðslunefndar ársins 2010 v/leikskóla, haldinn 18. maí í leikskólanum, kl. 12:00.**

Mætt: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Eydís Helgadóttir leikskólastjóri, Halldóra Halldórsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Ólafur Bjarni Sigursveinsson, fulltrúi foreldra mætti ekki til fundarins.

#### **Dagskrá:**

- 1. Skýrsla leikskólastjóra**
- 2. Umsókn um undanþágu frá vistunarreglum**
- 3. Starfsmannamál**
- 4. Visturnartíminn milli 16:00 og 17:00.**
- 5. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

#### **1. Skýrsla leikskólastjóra**

- Foreldraviðtölin gengu öll vel það er almenn ánægja foreldra með leikskólann.
- Vorskólinn hjá Snillingum tókst mjög vel og erum við komin með góðan ramma utan um samstarf leik- og grunnskóla ramma sem er alltaf að þróast og þroskast.
- Óvenju mörg börn fara í sumarfrí 1. júní. Það helst vel í hendi þar sem að þrír starfsmenn fara í önnur störf 1. júní.
- Samstarf á milli leikskóla og Tónlistaskóla Árnesinga. Í dag héldum við saman tónleika í Flúðaskóla og tókust þeir mjög vel. Tónskáldið Örlygur Benediktsson var viðstaddur tónleikana og fannst tónleikarnir flottir og börnin alveg frábær. Magnea hefur sjaldan séð eins afslappaða flytjendur. Það er svo ætlunin að flytja þessi lög aftur á Vorsýningunni á föstudaginn.
- Í þessari viku erum við í óðaönn að undirbúa Vorsýninguna okkar. Vorsýningin er uppskeruhátíð leikskólans og þar sýnum við afrakstur vetrarins. Börnin syngja nokkur lög og foreldrafélagið heldur kökubasar.

#### **2. Umsóknir um undanþágu frá vistunarreglum.**

Lagðar fram tvær umsóknir frá foreldrum þar sem sótt er um leikskólapláss á undanþágu. Um er að ræða börn sem bæði verða rúmlega 16 mánaða mánaða gömul þann dag sem óskað er eftir inngöngu. Leikskólastjóra falið að svara erindunum, m.a. í samræmi við stöðu mála innan leikskólans.

#### **3. Starfsmannamál.**

Leikskólastjórar fóru yfir starfsmannamál næsta skólaárs. Í haust er ljóst að brúa þarf bil þar til tveir starfsmenn koma til vinnu úr barneignarleyfi, þann 15. nóv og 1. janúar. Auglýst verður eftir starfskröftum til að brúa þetta bil.

#### **4. Vistunartíminn milli kl. 16:00 og 17:00**

Rætt var um vistunartímann. Samþykkt að leikskólastjórar leggi fram tillögu um sérákvæði í vistunarreglum þar sem tilgreind eru viðmiðunarmörk fyrir fjölda barna á þessum tíma. Tillagan verði tekin til umfjöllunar og afgreiðslu á næsta fundi.

#### **5. Önnur mál.**

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 13.15